

Fjárhagsáætlun 2021 og 2022-2024

Helstu forsendur eru eftirfarandi:

1. Útsvar:

Útsvar fyrir árið 2020 verði 14,52%.

2. Verðlag:

Gert er ráð fyrir 2,8% verðbólgu skv. þjóðhagsspá frá því í október.

3. Aðrar forsendur:

Gert er ráð fyrir að íbúaföldi haldist óbreyttur.

4. Fasteignagjöld:

i) Fasteignaskattur:

A-liður Fasteignaskattur íbúðarhúsnæðis eins og það er skilgreint í a-lið 3. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995 verður 0,5% af heildarfasteignamati.

B-liður Fasteignaskattur af opinberum byggingum eins og þær eru skilgreindar í b-lið 3. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995 verður 1,42% af heildarfasteignamati.

C-liður Fasteignaskattur atvinnuhúsnæðis og annarra eigna eins og þær eru skilgreindar í c-lið 3. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995 verður 1,50% af heildarfasteignamati.

Afsláttur sem er veittur tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum sem eiga lögheimili í viðkomandi fasteign fer eftir samþykkt um tekjuviðmið sem samþykkt var í sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 7. apríl 2011.

ii) Vatnsgjald:

Vatnsgjald verður 0,3% af heildarfasteignamati eigna sem tengst geta vatnsveitu sveitarfélagsins. Hámarksálagning verður 57.373 á sumarhús og íbúðarhús. Lágmarksálagning verður 17.211

iii) Gjaldskrá fyrir fráveitu og hreinsun rotþróa í Bláskógabyggð, nr. 1314/2019:

Fráveitugjald verði 0,25% af heildarfasteignamati eigna sem tengjast fráveitukerfum sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið innheimtir árlega rotþróargjald til niðurjöfnunar á kostnaði við tæmingu rotþróa, skv. 18. gr. samþykktar um fráveitur og rotþrær í Bláskógabyggð.

Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað þriðja hvert ár skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0 ?6000 lítra kr. 10.927.

Rotþró 6001 lítra og stærri kr. 2.429 pr./m³

Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað annað hvert ár skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0 ?6000 lítra kr. 16.386

Rotþró 6001 lítra og stærri kr. 3.644 pr./m³

Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað á hverju ári skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0 ?6000 lítra kr. 32.782

Rotþró 6001 lítra og stærri kr. 7.290 pr./m³

Fyrir aukahreinsun, að beiðni eiganda, greiðist eftirfarandi:

Aukahreinsun á rotþró í tengslum við aðra hreinsun kr. 45.000.-

Aukahreinsun á rotþró sem sérferð kr. 110.000.-

Afsláttur sem er veittur tekjulágum elli- og örorkulífeyrisþegum sem eiga lögheimili í viðkomandi fasteign fer eftir samþykkt um tekjuviðmið sem samþykkt var í sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann 7. apríl 2011.

iv) Lóðarleiga:

Lóðarleiga verði 1% af fasteignamati lóða.

v) Gjaldskrá vegna meðhöndlunar úrgangs 2020:

Sorphirðugjald:

Ílátastærð

240 l ílát 42.105

360 l ílát 54.157

240 lítra ílát, stækkun 1 45.928 (brún, blá, græn)

240 lítra ílát, stækkun 2 62.589 (grá)

240 lítra ílát, stækkun 3 45.928 (2 brún, blá/græn)

Grátunna: söfnun á 21 dags fresti.

Brúntunna: söfnun á 21 dags fresti

Blátunna: söfnun á 42 daga fresti.

Græntunna: söfnun á 42 daga fresti.

Sorpeyðingargjald vegna heimilisúrgangs:

Íbúðarhúsnæði 25.357 kr.

Frístundahúsnæði 21.387 kr.

Lögbýli 14.280 kr.

Fyrirtæki 52.843 kr.

Móttökugjald á einn m3: 5.800 kr.

Gjalddagar fasteignagjalda verði 6 talsins, innheimt mánaðarlega frá 1. febrúar 2021. Eindagar eru 30 dögum eftir gjalddaga.

5. Gjaldskrár aðrar:

a) Gjaldskrá leikskóla Bláskógabyggðar hækki um 2,8% frá og með janúar 2021.

b) Gjaldskrá mötuneytisins í Aratungu, 2021 hækki um 2,8% á mat til starfsmanna, eldri borgara og kostgangara.

Greinargerð með fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 og þriggja ára áætlun 2022-2024

Fjárhagsáætlun Bláskógabyggðar fyrir árið 2020 er lögð fram til síðari umræðu í sveitarstjórn fimmtudaginn 10. desember 2020.

Grunnur fjárhagsáætlunar 2021-2024 byggir á áætlun 2020 með viðaukum.

Almenna reglan er að tölulegur hluti fjárhagsáætlunar ræður ef misræmi kann að vera á milli texta í greinargerð og tölulega hlutans.

I Fjárhagsáætlun 2021

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2021, eins og hún er lögð fram til síðari umræðu í sveitarstjórn, er áætlað að rekstrarafgangur verði 3,3 millj.kr. eftir fjármagnsgjöld, afskriftir og skatta.

Óvissa er um þróun útsvarstekna vegna samdráttar af völdum Covid-19. Útsvarstekjur vegna ársins 2020 verða lægri en gert var ráð fyrir í upphaflegri fjárhagsáætlun og getur sá munur numið allt að 10% frá því sem áætlað var. Áætlanir sem gerðar voru í maí s.l. og byggðu á gögnum um atvinnuleysi og spá Byggðastofnunar um tekjuþróun gerði þó ráð fyrir enn meiri tekjusamdrætti en nú er útlit fyrir að verði raunin. Horft er til þess við mat á tekjum næsta árs.

Í fjárhagsáætluninni er fylgt áætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um þróun greiðslna úr Jöfnunarsjóði og horft til áætlunar Sambands íslenskra sveitarfélaga um þróun útsvarstekna, en að teknu tilliti til útsvarstekna síðustu mánuði og þess að horfur kunna að vera betri en áætlað var fyrr á árinu. Hvað útsvarið varðar er gert ráð fyrir að það verði 3,6% hærra 2021 en núgildandi áætlun fyrir 2020, með viðaukum, gerir ráð fyrir vegna ársins 2020, en 2,8% lægra en það var árið 2019.

Rekstrarútgjöld hækka milli ára vegna áhrifa af kjarasamningsbundnum launahækkunum og vegna hækkana á ýmsum liðum sem snúa að vöru- og þjónustukaupum. Umtalsverðar hækkanir urðu á launaliðum á árinu 2020 vegna kjarasamninga, en flestir samningar starfsmanna

sveitarfélagsins voru lausir í upphafi árs. Einnig var samið um breytingar á vinnutíma, svo sem lengingu orlofs fyrir alla í 30 daga, fjölgun undirbúningstíma á leikskólum og styttingu vinnutíma sem nemur 13 mínútum á dag. Rekstrarafgangur fyrir fjármagnsgjöld og skatta er áætlaður 67,6 millj.kr. og veltufé verði 123 millj.kr. eða 7,2% af heildartekjum.

Óverulegar breytingar eru á rekstri einstaka eininga og stofnana, útgjöld aukast þó, m.a. vegna kjarasamningshækkana og verðlagshækkana. Áætlað er að útgjöld til fræðsumála, sem eru sá málaflokkur sveitarfélagsins sem tekur til sín mest fjármagn hækki um 5,4%. Útgjöld aukast talsvert við nokkur af samstarfsverkefnum sveitarfélaganna, á það m.a. við um velferðarþjónustu, þar sem framlög hækka um rúm 50%, en stöðugildum var fjölgað á seinni hluta þessa árs, m.a. vegna aukins álags í barnavernd, Brunavarnir Árnessýslu, þar sem kostnaðarhlutdeild Bláskógabyggðar hækkar um 14,9% á milli ára og áætlað er að kostnaðarhlutdeild Bláskógabyggðar í skipulags- og byggingarfulltrúaembættinu hækki um 4,5%, en endanlegt uppgjör ræðst m.a. af fjölda byggingar- og skipulagsmála í sveitarfélaginu.

Ljóst er að kostnaður vegna sorpeyðingar mun hækka á næsta ári, umfram verðlagshækkanir, stafar það af því að horfur eru á að leita verði annarra leiða til afsetningar úrgangs en nýttar hafa verið til þessa, m.a. með útflutningi almenns úrgangs til brennslu til orkuöflunar. Sorphirða verður boðin út að nýju í upphafi næsta árs. Gjaldskrá sorphirðugjalda hækkar um 2,8%, í samræmi við áætlaða þróun verðlags, en gjald fyrir sorpeyðingu hækkar um 5%.

Sorphirðugjöldum og gjöldum skv. gjaldskrá fyrir gámasvæði er ætlað að standa undir kostnaði við sorphirðu og rekstur gámasvæðis og sorpeyðingargjöldum er ætlað að standa undir kostnaði við sorpeyðingu. Þrátt fyrir hækkanir á gjaldskrá er áætlað að greiða þurfi um 33 millj.kr. með málaflokknum á næsta ári. Klippikort verða áfram til reiðu fyrir greiðendur sorpeyðingargjalda. Íbúar eru hvattir til að minnka sorpmagn sem kostur er, og flokka úrgang eins og sorphirðukerfi sveitarfélagsins gerir ráð fyrir. Nokkuð hefur borið á því að ekki er gengið rétt frá lífrænum úrgangi og hefur það leitt til þess að ekki er unnt að nýta hann til moltugerðar heldur hefur þurft að meðhöndla hann með almennum úrgangi, sem er mun kostnaðarsamara. Íbúar eru því hvattir til að nota poka úr niðurbriótanlegum efnum fyrir þann úrgang, en ekki venjulega plastpoka eða burðarpoka sem verslanir bjóða, en þeir brotna ekki niður við moltugerð.

Fjárfestingar eru áætlaðar fyrir um 223 millj.kr. á næsta ári. Endurnýjun gatna og göngustíga verður framhaldið og byggt á forgangsröðun sem ákveðin var í sveitarstjórn 2019. Haldið verður áfram endurbótum á Hverabraut 6-8, sem sveitarfélagið leigir UMFÍ, og ráðist í endurbætur á Dalbraut 12, þar sem skipulags- og byggingarfulltrúaembættið er til húsa. Unnið verður að viðhaldi grunnskóla og íþróttamannvirkja og lokið endurnýjun grunnskólalóða og leikvallar í Laugarási, auk endurbóta á lóð leikskólans á Laugarvatni.

Deiliskipulag þéttbýlisins á Laugarvatni er í lokavinnslu og áætlað að það geti tekið gildi á fyrsta fjórðungi næsta árs. Verður þá unnt að bæta úr skorti á lóðum fyrir íbúðarhúsnæði á Laugarvatni, og er gert ráð fyrir fjármagni til gatnagerðar. Fyrsta áfanga gatnagerðar í Brekkuholti í Reykholti er að ljúka og hefur flestum lóðum við þá götu verið úthlutað. Lagnavinna og yfirborðsfrágangur götu og gangstéttar verður boðinn út í upphafi nýs árs. Áætlað er að hefjast handa við endurnýjun fráveitu á Laugarvatni, en undirbúningur og hönnun hefur staðið yfir. Verkinu verður skipt í áfanga og vatnsveita og götur endurnýjaðar samhliða, eftir þörfum, auk þess sem ljósleiðari verður lagður. Framkvæmdir við fráveitu í Reykholti eru einnig á dagskrá, m.a. í þeim tilgangi að tengja fyrirhugaða hótélbyggingu við fráveitukerfi.

Lagningu ljósleiðara í dreifbýli í Bláskógabyggð er um það bil að ljúka. Framkvæmdir hófust í nóvember 2019. Áætlað var að þeim myndi ljúka í lok október s.l., tafir hafa orðið á verkinu en nú hyllir undir verklok. Áætlað er að hefja vinnu við lagningu ljósleiðara í Reykholti og Laugarási á vormánuðum og er hönnunarvinna langt komin.

Sem fyrr er áhersla er á uppbyggingu grunninnviða og áætlað að verja talsverðu fjármagni til hitaveitu, vatnsveitu og fráveitu. Stefnt er að því að ljúka uppsetningu fjarálestrarmæla hjá Bláskógaveitu, en gera varð hlé á því verkefni vegna Covid-19. Þá verður áfram unnið að innmælingu lagna. Hjá Bláskógaveitu eru áætlaðar fjárfestingar fyrir 29 millj.kr. Vatnsveita Bláskógabyggðar er með áætlaða fjárfestingu fyrir 28 millj.kr. Tengigjöld veitna á móti framkvæmdakostnaði eru áætluð um 10 millj.kr. Könnun á möguleikum þess að ráðast í

sameiginlega vatnsveitu nokkurra sveitarfélaga er hafin og verður þeirri vinnu framhaldið á næsta ári. Hjá fráveitu eru áætlaðar fjárfestingar fyrir 34 millj.kr.

Bláskógabyggð hefur ráðist í miklar fjárfestingar á síðustu árum, m.a. byggingu leikskóla, lagningu ljósleiðara og umfangsmiklar endurbætur húsnæðis, auk gatnaframkvæmda og göngustígagerðar, svo dæmi séu nefnd. Skuldir sveitarfélagsins hafa því vaxið og er gert er ráð fyrir lántökum á árinu 2021. Gert er ráð fyrir að greidd verði niður lán að fjárhæð 91 millj.kr. en tekin ný lán að fjárhæð 220 millj.kr. Áætlað er að skuldaviðmið skv. sveitarstjórnarlögum verði áfram langt undir lögboðnu hámarki, sem er 150%, en skv. áætluninni mun það vera um 65,9% í lok ársins 2021.

Gjaldskrár vegna þjónustugjalda hækka almennt um 2,8%. Álagningarhlutfall fasteignaskatts á íbúðarhúsnæði er óbreytt á milli ára, 0,5%. Álagningarhlutfall fasteignaskatts atvinnuhúsnæðis er óbreytt á milli ára, 1,50%. Álagningarhlutfall fráveitugjalds er óbreytt, 0,25% og vatnsgjalds 0,3%, en hámarksgjald vatnsgjalds verður 57.373 á sumarhús og íbúðarhús og lágmarksgjald verður 17.211. Gjald fyrir hreinsun rotþróa hækkar um 2,8%.

Brýnt er að sýna stöðugt aðhald í rekstri til að kostnaður við rekstur málaflokka sé í sem bestu samræmi við þær tekjur sem sveitarfélagið hefur.

II Nokkrar lykiltölur

Rekstur :

Fjárhagsáætlun sem nú liggur fyrir til fyrri umræðu gerir ráð fyrir að rekstrarniðurstaða samstæðunnar án afskrifta og fjármagnsliða sé jákvæð um 152,8 millj.kr. Afskriftir eru áætlaðar 85 millj.kr., fjármagnskostnaður nettó er áætlaður 62,4 millj.kr. Tekjuskattur vegna Bláskógaveitu reiknast 1,8 millj.kr. Heildarniðurstaða samstæðunnar er því jákvæð um 3,6 millj.kr.

Áætlunin gerir ráð fyrir að samanlagðar tekjur A og B hluta verði 1.714,5 millj.kr. á árinu 2021. Hlutar skatttekna (útsvar, fasteignagjöld og Jöfnunarsjóður) í samanlögðum tekjum í A hluta er 1.277 millj.kr. eða 84,6%.

Samkvæmt áætluninni þá verða skatttekjur (útsvar, Jöfnunarsjóður og fasteignaskattur) á íbúa 1.028 þús.kr. og heildareignir á íbúa verða 2.306 þús.kr.

Heildarlaunakostnaður er áætlaður 731 millj.kr. sem er 42,7% af heildartekjum og 57,2% af skatttekjum. Annar rekstrarkostnaður er áætlaður um 830 millj.kr.

Fjárfestingar :

Nettófjárfestingar ársins eru áætlaðar 223 millj.kr. Afborganir lána eru áætlaðar 91 millj.kr. og nýjar lántökur eru áætlaðar 220 millj.kr. Í töflunni hér að neðan má sjá skiptingu helstu framkvæmda (nettó) á málaflokka:

Eignasjóður	127 millj.kr.
Fráveita	34 millj.kr.
Bláskógaveita	29 millj.kr.
Vatnsveita	28 millj.kr.
Fjarskiptafélag (ljósleiðari)	5 millj.kr.
Samtals fjárfesting nettó	223 millj.kr.

Á móti framkvæmdum í umferðar- og samgöngumálum koma gatnagerðargjöld og tengigjöld veitna sem dragast frá í fjárfestingaráætlun.

III 3ja ára fjárhagsáætlun fyrir árin 2022 - 2024

Þriggja ára áætlun er ekki staðfest fjárhagsáætlun fyrir árin 2022-2024 heldur yfirlit yfir það

sem er á dagskrá þessi ár. Við fjárhagsáætlanagerð hvers árs fer fram nánari útfærsla á þriggja ára áætlun miðað við þær forsendur sem þá liggja fyrir og því geta fjárhæðir og framkvæmdahraði vegna einstakra verkefna breyst frá því sem fram kemur í þriggja ára áætlun hverju sinni.

Almenna reglan er að tölulegur hluti fjárhagsáætlunar ræður ef misræmi kann að vera á milli texta í greinargerð og tölulega hlutans.

Stefnumörkun

Til grundvallar þeirri þriggja ára áætlun sem hér er lögð fram liggur fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 en jafnframt er byggt á þriggja ára áætlun 2021-2023. Ekki er gert ráð fyrir breytingum í rekstri málaflokka.

Fjárfestingar eru áætlaðar fyrir rúman milljarð samtals á tímabilinu 2022-2024 og eru fjölbreytt verkefni sem falla þar undir. Áhersla er áfram lögð á að byggja upp innviði samfélagsins og að grunnkerfi þau sem sveitarfélagið rekur, s.s. gatnakerfi og veitur geti annað því álagi sem á þeim er.

Helstu forsendur áætlunar 2022 til 2024

Til að unnt sé að setja fram áætlunina hafa ákveðnar forsendur verið lagðar til grundvallar.

Þriggja ára áætlun er byggð á áætlun ársins 2021 og er gerð á föstu verðlagi.

Gert er ráð fyrir óbreyttum rekstri allra málaflokka næstu 3 árin.

Skatttekjur

Áætlun á skatttekjum er byggð á áætlun ársins 2021.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Áætlun á framlögum Jöfnunarsjóðs er byggð á áætlun ársins 2021.

Fasteignaskattur

Gert er ráð fyrir óbreyttum tekjum af fasteignaskatti frá árinu 2021 árin 2022 til 2024.

Þjónustutekjur

Ekki er gert ráð fyrir hækkun á gjaldskrárm vegna þjónustu sveitarfélagsins í áætluninni.

Laun

Áætlun launa og launatengdra gjalda er byggð á launaáætlun ársins 2021.

Rekstrarkostnaður

Áætlun rekstrarkostnaðar er byggð á áætlun ársins 2021.

Helstu niðurstöður áætlunar 2021 - 2024

Helstu kennitölur áætlunarinnar fyrir samstæðureikning (í þús. króna):

Samstæða (A- og B-hluti)	2021	2022	2023	2024
Rekstrarreikningur				
Tekjur	1.714.585	1.793.794	1.875.570	1.937.585
Gjöld	1.561.784	1.793.794	1.875.570	1.937.585
Niðurstaða án fjármagnsliða	67.630	84.235	101.683	95.859

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(62.460)	(68.527)	(80.546)	(90.639)
Rekstrarniðurstaða	3.369	13.908	19.337	3.420

Efnahagsreikningur	2021	2022	2023	2024
---------------------------	-------------	-------------	-------------	-------------

Eignir

Fastafjármunir	2.342.737	2.591.783	2.878.579	3.051.029
Veltufjármunir	311.525	340.971	337.293	343.075
Eignir samtals	2.866.975	3.140.535	3.419.017	3.592.613

31. desember	2021	2022	2023	2024
---------------------	-------------	-------------	-------------	-------------

Eigið fé og skuldir

Eigið fé	1.309.301	1.323.208	1.342.546	1.345.965
Langtímaskuldir	1.222.787	1.454.887	1.699.100	1.845.010
Skammtímaskuldir	334.888	362.439	377.371	401.637
Skuldir og skuldbindingar samtals	1.557.675	1.817.326	2.076.471	2.246.647
Eigið fé og skuldir samtals	2.866.975	3.140.535	3.419.017	3.592.613

Gert er ráð fyrir nettó fjárfestingu í þúsundum króna, sem hér segir:

	2021	2022	2023	2024
Eignasjóður	127.000	217.000	287.000	15.000
Fráveita	34.000	55.000	15.000	40.000
Bláskógaveita	29.000	10.000	30.000	20.000
Vatnsveita	28.000	60.000	60.000	220.000
Bláskógaljós	5.000	3.000	3.000	0
Samtals fjárfesting nettó	223.000	345.000	395.000	295.000

Fjármagnsliðir

Fjármagnsliðir eru reiknaðir miðað við þau vaxtakjör sem sveitarfélagið býr við.

Fjárfestingar

Gert er ráð fyrir fjárfestingum fyrir 345 millj.kr. árið 2022, 395 millj.kr. árið 2023 og 295 millj.kr. árið 2024.

Lántökur

Ný langtímalán á árunum 2022-2024 eru áætluð 950 millj.kr. og niðurgreiðslur eldri lána eru áætlaðar á sama tímabili 394 millj.kr.

IV Lokaorð

Í fjárfestingarhluta þriggja ára ætlunar er leitast við að forgangsraða verkefnum og dreifa þeim með það að markmiði að halda skuldsetningu sveitarfélagsins sem minnstri og þar með að lágmarka fjármagnskostnað. Sá hluti áætlunarinnar sem snýr að rekstri byggir á því að ekki verði miklar breytingar á rekstri málaflokka milli ára. Nánari útfærsla áætlunar fyrir hvert ár fyrir sig er unnin í fjárhagsáætlun hverju sinni. Forsendur á borð við verðlagsþróun, íbúafjölgun, þróun tekna og útgjalda geta því haft áhrif á áætlun hvers árs fyrir sig.

Tekjur sveitarfélagsins hafa vaxið heldur síðustu ár. Íbúum í Bláskógabyggð hefur fjölgað jafnt og þétt og fasteignum fjölgað. Sveitarfélagið hefur staðið í miklum fjárfestingum og því hafa fylgt lántökur. Óvissutímar eru nú uppi vegna áhrifa af Covid-19. Mikil uppbygging hefur verið í ferðaþjónustu innan Bláskógabyggðar síðustu ár og mjög margir sem hafa unnið við þá atvinnugrein. Árið 2020 hefur sú atvinnugrein átt í miklum erfiðleikum þar sem komur erlendra ferðamanna til landsins hafa að mestu legið niðri síðan í febrúar. Atvinnuleysi hefur því mælst mikið í sveitarfélaginu síðustu mánuði. Aukinnar bjartsýni gætir nú þar sem útlit er fyrir að bólusetning vegna kórónuveiru hefjist upp úr áramótum. Þá hefur átt sér stað mikil uppbygging gróðurhúsa í Reykholti síðustu mánuði og vegur fjölgun starfa þar eitthvað upp á móti töpuðum störfum í ferðaþjónustu.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2021 hefur verið unnin í góðri samvinnu sveitarstjórnarfulltrúa og stjórnenda. Ber að þakka það óeigingjarna starf sem hér hefur verið unnið.